

41. aðalfundur Landssambands smábátæigenda

Samþykktir fundarins

Efnisyfirlit

<i>Tilboð til stjórnvalda.....</i>	<i>2</i>
<i>Strandveiðar.....</i>	<i>2</i>
<i>Grásleppa.....</i>	<i>3</i>
<i>Byggðakvóti.....</i>	<i>3</i>
<i>Byggðaaðgerðir.....</i>	<i>3</i>
<i>Línuívilnun.....</i>	<i>4</i>
<i>Flotvörpuveiðar.....</i>	<i>4</i>
<i>Tog- og dragnótaveiðar.....</i>	<i>4</i>
<i>Handfæraveiðar.....</i>	<i>4</i>
<i>Rannsóknir á lífríkinu, veiðarfærum og stofnunum.....</i>	<i>5</i>
<i>Lög um stjórn fiskveiða og reglugerðir.....</i>	<i>5</i>
<i>Umhverfisívilnun.....</i>	<i>6</i>
<i>Ýmislegt.....</i>	<i>6</i>

Tilboð til stjórnvalda

- LS geri stjórnvöldum tilboð í 30.000 tonn af þorski veiddum utan strandveiða og greiði fyrir það 4 milljarða. Greiðslan dragist af bátum við löndum á fiskmarkaði eða í gegnum fiskmarkaði. Fyrir meðafla greiðist 25% af nettó verðmæti.

Strandveiðar

- Þar til handfæraveiðar verða gefnar frjálssar skal efla og styrkja strandveiðikerfið á eftirfarandi hátt:
 - a. Veiðitímabilið verði frá 1. maí til 31. ágúst og hverjum báti verði tryggðir 48 veiðidagar með dagsafla upp á 774 kg.
 - b. Heimild Fiskistofu um stöðvun strandveiða verði numin úr gildi.
 - c. Tekin verði upp heimild til pörunar á umframafla, þannig að hægt verði að jafna það sem er umfram í einum róðri í næsta róðri. Heimild þessi nái til 50 kg. af óslægðum þorski.
 - d. Ufsi og karfi verði frjálss sem meðafla við strandveiðar.
- LS skorar á stjórnvöld að tryggja 48 daga til strandveiða á þessu fiskveiðiári. Vonbrigði manna voru mikil þar sem loforð voru um að strandveiðar væru tryggðar á síðasta fiskveiðiári en þeim lauk 16. júlí, mikil vonbrigði sem mega ekki endurtaka sig. Staðið verði við fyrirheit í stjórnarsáttmálanum.
- LS leggur til að eigendur strandveiðibáta megi ráða 1 afleysingamann á strandveiðibát í allt 10 daga, en þó ekki fleiri daga en eigandi rær sjálfur.
- LS skorar á stjórnvöld að gera strandveiðar óháðar aflamarkskerfinu og koma þannig að nokkru til móts við álit mannréttindanefndar SP frá árinu 2007.
- LS leggur áherslu á að koma þurfi í veg fyrir að sami útgerðaraðili/eigandi geti verið með fleiri en einn bát í einu á strandveiðum.
- LS leggur til að reglur um strandveiðar taki sérstakt tillit til þess þegar bátur þarf aðstoð
- LS leggur til að sömu reglur gildi um undirmál á strandveiðum og í króka- og aflamarki
- LS krefst þess stjórnvöld felli niður sérstakt gjald (svokallaðan bryggjuskatt) við virkjun veiðileyfa við strandveiða.
- LS styður hugmyndir Sigurjóns Þórðarsonar formanns atvinnuveganefndar um græna ívilnun

Grásleppa

- LS mótmælir harðlega kvótasetningu á grásleppu.
- LS leggur til að kvótasetning grásleppu verði afnumin. Fyrri fyrirkomulag veiða, á grundvelli fyrri leyfa, verði tekið upp að nýju. Dagar þar sem veiðarfæri báts eru tekin upp vegna brælu eða annarra ástæðna verði frádregnir.
- Verði grásleppa áfram í kvóta krefst LS þess að veiðiheimildum grásleppukvóta verði aðeins úthlutað á smábáta og veiðiheimildir bundnar við þá. Jafnframt verði heimilt að færa varanlegan og innan ársins grásleppukvóta milli aflamarks- og krókaafلامarksbáta.
- Verði grásleppa áfram í kvóta leggur LS til að lög séu endurskoðuð þar sem tekið verði tillit til réttinda þeirra sem stunduðu veiðar á tímabilinu 2014 – 2024, auk þess að veiðiheimildir verði takmarkaðar við smábáta.
- LS leggur til að skipað verði árlega í grásleppunefnd. Tilnefningar berist til stjórnar frá svæðisfélögum. Nefndin skuli skipuð grásleppusjómönnum.

Byggðakvóti

- LS leggur til löndunarívilnun þannig að almenna byggðakvótanum verði úthlutað sem ívilnun við löndun og gildi fyrir línu- og handfærabáta undir 30 brt. Jafnframt að meiri afli fari til strandveiða. Það er skoðun félagsins að með þessu nýtast heimildirnar hinum dreifðu byggðum á gegnsæjan hátt.

Byggðaaðgerðir

- LS leggur til heimildir í þorski til byggðaaðgerðar verði hækkaðar úr 5,3% hlutdeild af leyfilegum heildarafla í 8,0%, með því væri hægt að tryggja línuívilnun, byggðakvóta og 48 daga til strandveiða. Útfærslu yrði breytt þannig að helmingur kæmi með 4,0% í stað 5,3% og hinn hlutinn kæmi með 4,0% álagi á ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. LS telur ekki réttlátt að skerða útgerðir landsins og leggur því til að þessi leið verði farin.
- LS leggur til að skel og rækjubætur verði teknar af úthlutuðu aflamarki aflamarksskipa.
- LS skorar á atvinnuvegaráðherra að lækka VS-afla prósentu í þorski úr 5,0% í 2,5% og nýta mismuninn til strandveiða. Miðað við 200 þúsund tonna afla myndu þannig bætast við 5.000 tonn til strandveiða.

Línuívilnun

- LS leggur til að línuívilnun verði virkjuð þegar í stað og gildi frá 1. september eins og verið hefur frá upphafi hennar árið 2003. Jafnframt að hún gildi fyrir alla dagróðrabáta undir 30 tonn. Línuívilnun verði 30% á landbeitta línu og 20% á uppstokkaða línu í landi.
- LS leggur til að línuívilnun nái til afla upp að 6 tonnum í róðri.

Flotvörpuveiðar

- LS krefst þess að bannað verði að nota flotvörpu við veiðar á loðnu, síld og makríl í íslenskri landhelgi. Óumdeilt er að skaðsemi veiðarfærisins er fyrir hendi, t.d. ánetjast gríðarlegur fjöldi grásleppuseiða við veiðarnar. Við löndun er skaðinn skeður auk þess að í aflanum er fullvaxin grásleppa. Bent skal á að við flotvörpuveiðar á sl. fiskveiðiári var magn grásleppu í lönduðum afla alls 125 tonn, mun meira en úr botntrolli. Jafnframt er bent á að skipstjórar loðnuskipa gagnrýna notkun flottrolls við veiðarnar.

Tog- og dragnótaveiðar

- LS krefst þess að ekki verði opnað fyrir dragnóta- og netaveiðar fyrir innan línu sem dregin er úr Selskeri norður af Grundarfirði í Selsker austan við Skor á Breiðafirði.
- LS fordæmir notkun dragnótar inn í Faxaflóa og víðar inn á fjörðum og flóum. Fundurinn lýsir miklum áhyggjum af afleiðingum snurvoðar á hafsbotn og sandsílastofninn sem er gríðarlega mikilvæg fæða fyrir nytjastofna okkar.
- LS leggur til að botntroll verði alfarið bannað innan 12 mílna frá landi.

Handfæraveiðar

- LS leggur til að handfæraveiðar fái 30% ívilnun.
- LS leggur til að handfæraveiðar smábáta verði undanþegnar hrygningarstoppi.
- LS krefst frjálsra handfæraveiða.
- LS krefst þess að ufsi veiddur á handfæri teljist ekki til kvóta.
- LS krefst frjálsra færaveiða smábáta á makríl.

Rannsóknir á lífríkinu, veiðarfærum og stofnunum

- LS leggur til að rannsakað verði lífvænleiki fisks sem sleppt er við handfæra- og línuveiðar.
- LS mótmælir harðlega rannsóknaveiðum Hafró síðastliðið vor í Eyjafirði. Þessar veiðar fóru fram að verulegum hluta í hrygningabanni, og tugum tonna af hrygnandi fiski mokað á land.
- LS telur ljóst að vísindalegar forsendur veiðiráðgjafar Hafrannsóknastofnunar í öllum fiskitegundum hafi engan veginn staðist. Skorar félagið á stjórnvöld að láta fara fram úttekt á árangri stofnunarinnar síðustu áratugi. Þá telja samtökin að skilja eigi veiðiráðgjöfina frá gagnaöflun og rannsóknum með hliðstæðum hætti og gert var í dómskerfinu á sínum tíma.
- LS skorar á stjórnvöld að auka rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar, sérstaklega ef auka eigi nýtingu sjávargróðurs úr firðinum, og hvaða áhrif hún hafi á lífríki Breiðafjarðar og viðgang fiskiseiða.
- LS hvetur umhverfisráðherra að beita sér fyrir því að gert verði umhverfismat á áhrifum veiðarfæra á sjávarbotn, lífríki sjávar og loftslagsins – kolefnisjöfnuð þess.
- LS leggur til að ráðgjöf Hafró á aflamarki í grásleppu verði endurskoðuð þar sem grásleppa er flokkuð sem uppsjávarfiskur en mælingar nú eru gerðar með botntrolli.

Lög um stjórn fiskveiða og reglugerðir

- LS leggur til að lögum um stjórn fiskveiða verði breytt þannig að flutningsréttur milli ára myndist við leigu á aflamarki.
- LS hafnar því að netaveiðar, aðrar en veiðar á hrognkelsum, verði heimilaðar í krókaflamarki.
- LS hafnar sameiningu aflamarks og krókaflamarks.
- LS lýsir miklum áhyggjum vegna þess að búið er að heimila veiðar með 10 tommu möskva í þorskanetum samfara farið er að nota mun dýpri net en áður.
- LS mótmælir harðlega þeirri aðferðafræði sem viðhöfð hefur verið við útreikninga á meðafla í grásleppunet. Það er að segja uppreikning á fugli og sel úr veiðieftirlitsferðum Fiskistofu.
- LS leggur til að handfæra- og línubátum verði heimilt að landa lúðu sem meðafla.
- LS mótmælir harðlega reglugerðarbreytingu um fjölda krabbagildra í 2000 pr. bát.
- LS leggur til að allur humar verði veiddur í gildirur og veiðarnar skilyrtar við smábáta.

- LS mótmælir harðlega enn og aftur þeirri ákvörðun að loka svæðum að fengsælum miðum við grásleppuveiðar í Faxaflóa vegna æðarvarps.
- LS leggur til að bann við notkun grásleppuneta hærri en 12 möskva taki ekki gildi á árinu 2026.
- LS leggur til að leyfðar verði línuveiðar í svokölluðum keiluhólfum, þ.e. keiluhólfin í Lónsdýpi, Stokksnesi og Mýrargrunni. Félagsmenn telja að með þessu færi fram grisjun á afræningjum humars sem hafa til þessa verið óáreittir í fríju fæði í hinum mörgu keiluhólfum. LS telur að rök fyrir verndun keilunnar vera brostin og hvetur til að veiðar verði leyfðar á línu innan þessara hólfra. Jafnframt er vakin athygli á að humar veiðist ekki á línu og með þessum hætti er hægt að grísa burtu þorsk, keilu, löngu og náskötu auk fleiri tegunda sem eru grimmir afræningjar humars.
- LS leggur til að dagróðrabátar verði undanþegnir því að halda afladagabók.

Umhverfisívilnun

- LS krefst þess að við ákvörðun um leyfilegan heildarafla verði tekið tillit til umhverfisvænleika veiðarfæra. Auknar krókaveiðar gefi þannig tilefni til hækkunar á prósentu sem tekið er úr veiðistofni (aflaregla).
- LS telur áriðandi, að teknu tilliti þess samfélags sem við byggjum og loftlagsmarkmiða stjórnvalda, að viðurkennt verði að veiðar með handfærum séu vistvænni en aðrar veiðar sem stundaðar eru hér við land. Jafnt og eigendur tvinn bíla eiga handfæraveiðar að njóta ívilnunar. Jafnframt skal bent á að sjávarföll og vindar eru stór þáttur í færslu þeirra við veiðar.

Greinargerð:

Veiðarnar eru stundaðar á tvinn bátum, þ.e. þeir hafa tvær aflrásir, önnur sem nýtir jarðefnaeldsneyti til keyrslu að og frá veiðistað og hin sem knúin er af orku frá rafgeymum sem nýtt er til veiða. Rafgeymar eru svo hlaðnir á keyrslu og með landrafmagni.

Ýmislegt

- LS telur ástæðu til að leitað verði til Samkeppniseftirlitsins og kannað hvort samráð sé á milli fiskmarkaða í landinu.
- LS leggur til að aflaregla verði hækkuð úr 20% í 25%.
- LS styður hvalveiðar sem eðlilega nýtingu sjávarauðlinda.

- Aðalfundur LS leggur áherslu á að fjarskiptasamband sé ávallt tryggt. Bæði VHF og GSM. Jafnframt verði útbúið þekjukort sem sýnir styrk sambandsins.
- LS krefst þess að Samgöngustofa skýri opinberlega frá ástæðum fyrir sviptingu haffæriskírteina á annað hundrað báta. Hvaða ástæður liggi að baki, hvað hafi farið úrskeiðis og hvaða tillögur stofan hafi lagt til að bæta öryggi skoðana.
- LS leggur til að bætt verði við endurvarpa á Reykjanesi á Þorbirni við Grindavík eða settur nýr í Eldey. Jafnframt að hugað verði að endurvörpum víða um landið. Á það jaft við fyrir AIS og VHF sendingar.
- LS vill að leitað verði leiða til að minnka skoðunargjöld sem hafa hækkað mikið síðustu ár.
- LS gerir kröfu til Samgöngustofu um auðveldari möguleika á lögskráningum farþega sem og annarra sem kunna einhverra hluta vegna að fara með skipi úr höfn.

Greinargerð: Samkvæmt lögum er fiskiskipi óheimilt að láta úr höfn nema að hafa alla um borð lögskráða. Helstu vandamál sem upp koma í þessu samhengi eru t.d. að koma á viðbótartryggingu fyrir fleiri á skipið. Þá er ekki hægt að lögskrá fólk sem ekki hefur íslenska kennitölu.

Aðalfundur LS óskar eftir að veðurstöð verði sett upp í Hrollaugseyjum.